



Reykjavík, 2. apríl 2024

USK24030078

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Samgöngur og borgarhönnun

### Umsögn um tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um sérmerkt 15 mínútna stæði við Seljaveg 2

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 6. mars 2024 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*Lagt er til að næst bílastæði fyrir hreyfihamlaða við Seljaveg 2, 101 Reykjavík, verði komið fyrir þremur sérmerktum 15 mínútna stæðum, sem ætluð verða viðskiptavinum sem sækja margvíslega þjónustu að Seljavegi og Mýrargötu.*

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 20. mars 2024.

Umsögn:

Á afgreiðslufundi samgöngustjóra þann 14. mars 2024 var samþykkt að eitt bifreiðastæði við Seljaveg 2 hafi 15 mínútna hámarkstíma. Það er að segja eitt af þeim 4 til 5 bílastæðum sem liggja samsíða, vestan megin við götuna. Til viðbótar er eitt stæði fyrir hreyfihamlaða einstaklinga. Unnið er að tillögu sem felur í sér stækkun gjaldsvæðis bílastæða þannig að bílastæði við Seljaveg 2 verði gjaldskyld. Þessar aðgerðir eiga að gera það að verkum að líklegra sé að þeir sem sækja sér þjónustu við Seljaveg og Mýrargötu finni bílastæði í grenndinni.

Virðingarfyllt,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
samgöngustjóri



Reykjavík